

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Frægðarver, Hrunamannaafrétti, fjallaskáli.*

Skipulagssvæðið er um 2 ha að stærð og verður afmörkuð um 1,6 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er gamall torfkofi sem nýttur er sem áningarstaður í dag. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2020.

*Deiliskipulag, Rofshólar, Hrunamannaafrétti, fjallaskáli.*

Skipulagssvæðið er rúmur hektari að stærð og verður afmörkuð lóð fyrir núverandi mannvirki. Í Rofshólum er gamall torfkofi sem nýttur er sem áningarstaður í dag. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. mars 2021.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**